

Fundargerð

17. fundur Heklnnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 30. mars 2012 kl. 11:00 í Eldey, Grænásbraut 506, 235 Reykjanesbæ.

Mætt: Árni Sigfússon formaður, Sigrún Árnadóttir, Róbert Ragnarsson, Kjartan Eiríksson, Ásgeir Eiríksson og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri. Ásmundur Friðriksson og Gunnar Ellert Geirsson boðuðu forföll.

1. mál Atvinnuleysistöflur

Fjöldi atvinnuleitenda 22. mars var samtals 1368 sem er lækkun um 2,4% frá tölum sem kynntar voru 29. febrúar. Þar af eru konur 644 og karlar 724. Skipting milli sveitarfélaga er eftirfarandi: Reykjanesbær 938, Sandgerði 151, Garður 79, Vogar 75 og Grindavík 98.

Óskað er eftir því að upplýsingarnar verði jafnframt sendar rafrænt. Einnig er óskað eftir sundurgreiningu á upplýsingum eftir aldri í sveitarfélagi, uppl. um síðasta starf og prósent atvinnulausra í hverju sveitarfélagi. Heklan óskar eftir þessum upplýsingum frá VMST.

2. mál Kynning á sjónvarpi Suðurnesja

Hilmar Bragi Bárðarson kynnti verkefnið.

3. mál Strandstangveiði

Jóhan D. Jónsson kynnti verkefnið.

4. mál Bréf dags. 20.02.2012. Erindi frá Róberti Ragnarssyni v/skipunar í samráðsnefnd um jarðvang á Suðurnesjum

Björk Guðjónsdóttir er tilnefnd sem fulltrúi Heklnnar í stjórn um jarðvang á Suðurnesjum.

5. mál Bréf dags. 22.02.2012 frá Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar

Lagt fram.

6. mál Staða verkefna

Yfirlit yfir stöðu verkefna.

7. mál Önnur mál

Sigrún kynnti mögulega aðkomu sveitarfélaga á Suðurnesjum að þekkingarsetri í Sandgerði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30.